



**Háskólinn  
á Akureyri**  
University  
of Akureyri

# Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar lögreglu

Jón Ingi Sveinbjörnsson

Félagsvísindadeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
2022



# Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar lögreglu

Jón Ingi Sveinbjörnsson

12 eininga lokaverkefni  
sem er hluti af  
Baccalaureus Artium-prófi í lögreglu- og löggæslufræði

Leiðsögukenndari  
Guðmundur Oddsson

Félagsvísindadeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, maí 2022

Titill: Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar almennra lögreglumanna við skyldustörf

Stuttur titill: Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar

12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í lögreglu- og löggæslufræðum.

Höfundarréttur © 2022 Jón Ingi Sveinbjörnsson

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurlóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Jón Ingi Sveinbjörnsson, 2022, bakkalárprófsverkefni, félagsdeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, XX bls.

Akureyri, maí 2022

# Ágrip

Ísland er eitt fimm Vesturlanda þar sem almennir lögreglumenn bera ekki skotvopn á sér við almenn skyldustörf. Hin löndin eru Noregur, Bretland (fyrir utan Norður Írland), Írland og Nýja Sjáland. Lögreglumenn á Íslandi hafa einungis aðgang að skotvopnum í læstum hirslum í lögreglubifreiðum og á lögreglustöðvum og vopnast ekki skotvopnum nema með sérstakri heimild yfirmanna. Beiting skotvopna er hástig valdbeitingar lögreglu og því mikilvægt að skoða viðhorf lögreglumanna og verðandi lögreglumanna til skotvopnaburðar, sérstaklega í löndum þar sem lögreglan ber ekki skotvopn. Í þessari ritgerð er leitast við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu: *Hvert er viðhorf íslenskra lögreglunema til skotvopnaburðar almennra lögreglumanna?* Gögnin sem liggja til grundvallar rannsókninni koma úr samevrópska rannsóknaverkefninu Recruitment, Education and Careers in the Police (RECPOL). Úrtakið samanstendur af svörum lögreglunema frá árinu 2019 til ársins 2021 (N=188). Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að meirihluti lögreglunema er á móti skotvopnaburði almennra lögreglumanna við skyldustörf (59%), fjórðungur (25%) er óákveðinn og 16% er hlynntur skotvopnaburði. Konur (11%) eru ólíklegri en karlar (20%) til að vera hlynntar skotvopnaburði og er munurinn tölfræðilega marktækur. Munurinn á kynjunum skýrist að einhverju leyti af menntun og stjórnálaafstöðu. Háskólamenntaðir og þeir sem skilgreina sig sem vinstri á vinstri-hægri stjórnálaskalanum eru líklegri til að taka afstöðu gegn skotvopnaburði frekar en þeir sem hafa ekki fyrri háskólamenntun eða sjá sig á miðjunni eða hægra megin á stjórnálaskalanum. Þessi munur er þó ekki tölfræðilega marktækur.

# Abstract

Iceland is one of five countries where police officers do not carry a gun on their person while on patrol. The other countries are Norway, Britain (excluding Northern-Ireland), Ireland, and New Zealand. Icelandic police officers have access to firearms in locked compartments in police vehicles and police stations and can only arm themselves with special permission from their superiors. This study addresses the following research question: *What are Icelandic police students' attitudes toward routine police armament?* The data for this study comes from the comparative European research project Recruitment, Education and Careers in the Police (RECPOL). The sample consist of police students from 2019 to 2021 (N=188). The results show that most students are against routine police armament (59%), a quarter is undecided (25%) and 16% are in favour. Women (11%) are more likely than men (20%) to be against armament and the difference is statistically significant. However, the gender difference is somewhat explained by difference in education and political orientation. Students with prior university education and those identifying as left wing on, the left-right political scale, are more likely to be against armament, although the difference is not statically significant.







# Formáli

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni í lögreglu- og löggæslufræði við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Leiðbeinandinn minn var Guðmundur Oddsson, dósent í félagsfræði við Háskólann á Akureyri og vil ég þakka honum fyrir frábæra leiðsögn, hvatningu og þrotlausa þolinmæði. Einnig vil ég þakka Hildi Vésteinsdóttur fyrir yfirllestur ritgerðarinnar.



# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>13</b>
<b>2</b>	<b>FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR</b> .....	<b>18</b>
2.1	VALDBEITING .....	18
2.2	SKOTVOPNABURÐUR LÖGREGLU.....	20
2.3	PÖRFIN TIL AÐ BERA SKOTVOPN .....	21
2.4	VESTURLÖND ÞAR SEM ALMENNIR LÖGREGLUMENN BERA EKKI Á SÉR SKOTVOPN.....	23
2.5	VIÐHORF LÖGREGLUMANNA .....	24
2.6	VIÐHORF LÖGREGLUNEMA.....	27
<b>3</b>	<b>GÖGN OG AÐFERÐIR</b> .....	<b>29</b>
<b>4</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>31</b>
<b>5</b>	<b>SAMANTEKT OG NIÐURLAG</b> .....	<b>38</b>
	HEIMILDIR .....	40
	VIÐAUKI.....	45



# Myndayfirlit

Mynd 1. Valdbeitingarstigi lögreglu. ....	19
Mynd 2. Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar. ....	31
Mynd 3. Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar eftir kyni. ....	32
Mynd 4. Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar eftir starfsferilsáformum. ....	33
Mynd 5. Viðhorf lögreglunema til skotvopna eftir starsframa.....	33
Mynd 6. Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar eftir menntun. ....	34
Mynd 7. Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar eftir stjórn málaafstöðu.....	35
Mynd 8. Aldur lögreglunema. ....	36
Mynd 9. Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar eftir aldri.....	37



# Töfluyfirlit

Tafla 1. Verkefni þar sem tilkynnt er um vopnaðan aðila. ....	26
Tafla 2. Fjöldi tilvika þar sem lögreglumenn vopnast skotvopnum.....	26
Tafla 3: Lýsandi tölfraði. ....	30





# 1 Inngangur

Starf almennra lögreglumanna á Íslandi er margþætt og þurfa þeir að bregða sér í ýmis hlutverk (Guðmundur Oddsson og Andrew Paul Hill, 2021). Megin hlutverk lögreglu er að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu sem og að stemma stigum við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins (Lögreglulög nr. 90/1996). Til þess að standa undir þessu mikilvæga hlutverki geta lögreglumenn þurft að beita lögregluvaldi í formi valdbeitingar, þar sem aðilar sem á að handtaka eiga það til að reyna að komast undan handtöku frekar en að lúta valdi lögreglu (Ba og Grogger, 2018). Valdbeitingarheimildir lögreglu eru bundnar ýmsum reglum og takmörkunum, til dæmis meðalhófsreglunni sem felur í sér að gera einstaklingum ekki meira tjón en óhjákvæmilegt er (Þingskjal nr. 783/1995-1996). Lögreglumenn á Íslandi hafa ýmsar aðferðir og verkfæri til að gera valdbeitingu öruggari fyrir sjálfa sig og mótaðila, allt frá skipunum og lögreglutökum til skotvopna. Lögreglumenn fá þjálfun til þess að meta viðeigandi tegund valdbeitingar með tilliti til aðstæðna og er þá stuðst við valdbeitingarstiga sem sýnir í hvaða röð valdbeitingartæki eða aðferðir skal nota eftir alvarleika (Reglur um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna, 1999).

Hæsta þrepið í valdbeitingarstiga íslensku lögreglunnar er notkun skotvopna (Reglur um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna, 1999). Á heimsvísu er nær algilt að lögreglumenn beri skotvopn á sér við skyldustörf (Thomassen o.fl., 2019). Ísland er eitt fárra ríkja í heiminum þar sem almennir lögreglumenn bera ekki skotvopn á sér við skyldustörf (Guðmundur Oddsson og Andrew Paul Hill, 2021) þó svo að hún hafi vopnað lögreglumenn í sérstökum verkefnum (Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, 2015). Íslenska lögreglan hefur þess í stað aðgang að skotvopnum í læstum hirslum á lögreglustöðvum og í sérvöldum lögreglubifreiðum. Til að lögreglumaður megi vopnast verður viðkomandi að fá heimild frá stjórnanda vaktar eða hærra settum starfsmönnum lögreglunnar (Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, 2015). Þessu til viðbótar hefur lögreglan yfir að ráða vopnaðri sérsveit, deild innan öryggismálasviðs embætti ríkislögreglustjóra sem er skipuð einstaklingum sem eru

sérþjálfaðir í að takast á við vopnuð lögreglustörf. Sérsvéitin er hreyfanlegt lögreglulið sem aðstoðar lögreglulið hvarvetna á Íslandi (Lögreglan, 2021).

Á Vesturlöndum ganga lögreglumenn almennt með skotvopn á sér við almenn skyldustörf. Það á þó ekki við um lögreglumenn á Nýja Sjálandi, Írlandi, Bretlandi (fyrir utan Norður Írland), Íslandi og Noregi (Hendy, 2014). Noregur hefur þó vopnað almenna lögreglumenn skotvopnum í undantekningatilvikum á undanförunum árum t.d. í kjölfar hryðjuverkahótana eða ógnunar (Bergersen, 2018). Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarin ár í Noregi og Nýja Sjálandi um að vopna lögregluna og benda nýlegar kannanir til þess að starfandi lögreglumenn í umræddum löndum séu almennt hlynntir því að ganga með skotvopn við skyldustörf (Thomassen o.fl., 2019; New Zealand Police Association, 2021).

Traust almennings til lögreglunnar skiptir afar miklu máli og tengist það viðhorfum til valdbeitingar. Það er því mikilvægt að kanna viðhorf almennings sem og lögreglunnar sjálfar til skotvopnaburðar lögreglumanna enda beiting skotvopna hástíga valdbeitingar lögreglu. Þegar norska lögreglan vopnaði alla lögreglumenn árið 2014 var upplifun starfandi lögreglumanna misjöfn. Almennir borgarar voru forvitnir og spurðu spurninga er tengdust skotvopnum og höfðu afar skiptar skoðanir á þessari grundvallarbreytingu. Flestir lögreglumenn voru þó sammála um að spurningaflóðið og forvitnin minnkuðu eftir því sem lengra leið frá breytingunni (Hendy, 2021).

Traust almennings til lögreglunnar í Noregi og á Nýja Sjálandi mælist almennt hátt (New Zealand Police Citizens' Satisfaction Survey, 2020; Norway Today, 2022). Í Nýja Sjálandi virðist hins vegar ríkja ákveðin togstreita milli viðhorfs minnihlutahópa í samfélaginu og lögreglu til þess hvort almennir lögreglumenn eigi að bera skotvopn. Yfir 70% lögreglumanna í Nýja Sjálandi vilja að almennir lögreglumenn beri á sér skotvopn (New Zealand Police Association, 2021). Þann 28. október 2019 ýtti nýsjálenska lögreglan tilraunaverkefninu „Vopnuð viðbragðsteymi“ (e. *Armed Responce Teams*) úr vör þar sem hlutverk teymanna var að stuðla að auknu almennu öryggi og betri öryggistilfinningu almennings og lögreglumanna. Þann 23. apríl 2020 var tilraunaverkefninu hætt og stuttu síðar tilkynnti ríkislögreglustjórinn Andrew Coaster að vopnuð viðbragðsteymi yrðu ekki innleidd. Megin ástæða þess að vopnuðu viðbragðsteymin voru ekki innleidd var sú að tilraunaverkefnið virtist hafa aukið á togstreitu milli lögreglu og minnihlutahópa (*Maori og Pasifík*) en hún var þó nokkur fyrir. Kannanir sýndu jafnframt að innan þessara minnihlutahópa voru 85% á móti tilraunaverkefninu og 91% sögðust ekki ætla að

óska eftir lögreglu aðstoð ef lögreglan yrði vopnuð skotvopnum (Forbes og Boynton, 2020). Niðurstöður verkefnisins leiddu í ljós að þótt lögreglumenn hefðu upplifað sig að einhverju leyti öruggari vitandi af tilvist teymanna þá voru mótmælaraddir í samfélaginu mun háværarari en þeirra sem voru hlyntir breytingunni (New Zealand Police, 2020; Taylor, 2020).

Fyrirkomulag vopnaburðar lögreglumanna í Bretlandi og Írlandi er frábrugðið því sem er í hinum þremur löndunum þar sem lögreglumenn ganga ekki með skotvopn við skyldustörf. Í Bretlandi og Írlandi hafa almennir lögreglumenn ekki heimild til að vopnast eins og í Nýja Sjálandi, Noregi og Íslandi. Þess í stað er hluti lögreglumanna þjálfaðir í notkun skotvopna og eru fyrir vikið skilgreindir sem „lögreglumenn með heimild til notkunar skotvopna“ (e. *Authorised Firearms Officers*) og þannig aðgreindir frá hinum almennu lögreglumönnum. Þetta þýðir að þegar upp kemur verkefni sem kallar á lögreglumenn vopnaða skotvopnum, þá vopna almennir lögreglumenn sig ekki skotvopnum heldur er því verkefni sinnt af fyrir fram skilgreindum lögreglumönnum sem eru vopnaðir skotvopnum. Hlutfall vopnaðra lögreglumanna í Bretlandi hækkaði á árunum 2016 til 2019 en lækkaði aðeins frá 2019-2021. Það helst í hendur við minni glæpatíðni í miðjum COVID-19 heimsfaraldrinum (Home Office, 2021).

Sem fyrr segir hafa íslenskir lögreglumenn aldrei gengið með skotvopn á sér við almenn skyldustörf. Enn fremur er fátt, ef nokkuð, sem bendir til þess að íslenskir lögreglumenn muni í náinni framtíð bera vopn á sér við dagleg störf. Samkvæmt könnunum upplifa flestir lögreglumenn sig örugga í sínu starfi og er mikill meirihluti ánægður með þann varnarbúnað sem þeim er úthlutað (Fannar Kristmannsson og Guðrún Sesselja Baldursdóttir, 2019). Þá virðast íslensk stjórnvöld mótfallin því að lögregla beri skotvopn (Heimir Már Pétursson, 2014) og ríkislögreglustjóri hafnaði árið 2008 umleitan lögreglunnar að fá aðgang að rafbyssum (þingskjal nr. 607/2010-2011. Svar dómsmála- og mannréttindaráðherra).

Viðhorf almennings skiptir einnig miklu máli í þessum efnum en höfundi er ekki kunnugt um að skoðanakannanir hafi verið gerðar á þessu viðfangsefni sem undirstrikar að fátt bendi til þess að íslenskir lögreglumenn beri skotvopn í náinni framtíð. Viðhorf almennings til lögreglu á Íslandi verður jafnframt að teljast gott. Kannanir síðustu ár sýna að um og yfir 80% landsmanna segjast frekar eða mjög sammála um að þeir beri traust til lögreglu og starfa hennar og enn hærra hlutfall telur lögreglunna vera lögmætt yfirvald og að fyrirmælum hennar beri að hlýða (Margrét Valdimarsdóttir og Sindri Baldur Sævarsson, 2021).

Vopnaburður lögreglu er víða hitamál. Það á einnig við þar sem almennir lögreglumenn ganga ekki með skotvopn. Þar hverfist umræðan ekki síst um hvort almennir lögreglumenn eigi yfirhöfuð að vopnast við almenn skyldustörf. Í öðrum löndum er bitist á um hversu mikið vopnaðir lögreglumenn eigi að vera. Sitt sýnist hverjum og viðhorfin geta breyst hratt eins og sjá má í Noregi, þar sem hlutfall lögreglumanna sem voru hlyntir skotvopnaburði almennra lögreglumanna fór úr 60% í tæp 80% á sex árum, frá 2011 til 2017 (Hendy, 2014; Thomassen o.fl., 2019).

Sýnilegur skotvopnaburður lögreglu er veigamikið atriði í hlutverki og lögmæti lögreglu. Það að lögreglumenn beri skotvopn á sér við almenn störf sendir þau skilaboð til almennings að lögreglan getur og hefur heimild til þess að beita banvænu valdi við ákveðnar aðstæður og hefur það áhrif á hvernig almenningur sér lögregluna (Fekjær og Strype 2015). Það er því mikilvægt að rannsaka viðhorf lögreglunema til þessara mála til að fá vísbendingar um viðhorf lögreglumanna framtíðarinnar, ekki síst í löndum þar sem lögreglumenn ganga ekki með skotvopn, enda væri þá um grundvallar stefnubreytingu að ræða. Fáar slíkar rannsóknir á viðhorfum lögreglunema hafa hins vegar verið framkvæmdar. Að ýmsu er að huga í þessum efnum. Verðandi lögreglumenn hafa fyrir fram gefnar hugmyndir um lögregluna og verða fyrir áhrifum frá háskólameningunni annars vegar og frá lögreglumeningunni hins vegar. Þetta þýðir að þegar greina á viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar lögreglu þarf að taka tillit til tveggja ólíkra menningarheima auk persónulegs viðhorfs viðkomandi (Fækjer og Strype, 2015). Rannsóknir sýna að viðhorf lögreglumanna og lögreglunema geta breyst hratt við atburði t.d. í kjölfar hryðjuverka eða eftir tímabundna vopnun almennra lögreglumanna (Skjevraak, 2016; Hendy, 2021; Thomassen o.fl., 2019).

Lítill vilji virðist vera meðal forsvarsmanna íslensku lögreglunnar að vopna almenna lögreglumenn skotvopnum og hafa þeir ítrekað þá afstöðu í fjölmiðlum (Hólmfríður Gísladóttir, 2022; Snorri Másson, 2022; Háskólinn á Akureyri, 2022). Hins vegar ber að hafa í huga að það eru 87.048 skráð skotvopn á Íslandi, sem er há tala miðað við höfðatölu (Þingskjal nr. 941/2021-2022). Þá bendir tölfræði lögreglu til þess að fjölgun sé í verkefnum þar sem tilkynnt er um vopn á vettvangi, bæði í formi skotvopna og annara vopna (Ríkislögreglustjóri, 2022). Að sama skapi virðist aukin harka hafa færst í undirheima Íslands og að meira aðgengi sé að ólöglegum skotvopnum (Bjarni Rúnarsson, 2022). Að því sögðu má spyrja hvort, með þessu áframhaldi,

viðhorfsbreyting gæti orðið hjá almenningi og lögreglu gagnvart því að almennir lögreglumenn yrðu vopnaðir skotvopnum við dagleg störf?

Þrátt fyrir að eitthvað sé til um rannsóknir á viðhorfum lögreglumanna til skotvopnaburðar (t.d., Hendy, 2021; Thomassen o.fl., 2019) er lítið vitað um viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar lögreglu. Tvær fræðigreinar hafa verið skrifaðar um viðhorf norskra lögreglunema (Skjevraak, 2016; Fekjær og Strype, 2015). Ekkert er hins vegar vitað um viðhorf íslenskra lögreglunema til skotvopnaburðar lögreglu og er markmið þessara ritgerðar að bæta úr því og hjálpa þar með til við að fylla upp í umrætt skarð á þessu sviði.

Í þessari ritgerð er lagt upp með að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hvert er viðhorf íslenskra lögreglunema til skotvopnaburðar almennra lögreglumanna? Skoðuð verða áhrif þátta á borð við kyn, aldur, hjúskaparstöðu og svo framvegis. Gögnin sem liggja til grundvallar rannsókninni koma úr samevrópskri rannsókn á lögreglumum, RECPOL: Recruitment, Education and Careers in the Police (Bjorgo og Damen, 2020). RECPOL byggir á ítarlegum spurningalistakönnunum sem lögreglunemar í sjö Evrópulöndum svara í upphafi og við lok náms og tvisvar eftir að þeir hefja störf í lögreglu. RECPOL er langtíma rannsókn sem gefur kost á að greina áhrif ýmissa bakgrunnsþátta og viðhorfa yfir tíma

Fræðimenn hafa reynt að komast að því hvort það sé betra og öruggara að hafa almenna lögreglumenn vopnaða skotvopnum eða ekki. Þeirri spurningu er mjög erfitt að svara og eru margir þættir sem þarf að horfa til. Það er ekkert eitt svar til og margt sem þarf að rannsaka betur til að geta tekið upplýsta ákvörðun (Evans og Farmer, 2021). Sem starfandi lögreglumaður á landsbyggðinni, þegar þessi ritgerð er skrifuð, er það mín von að þessi ritgerð geti verið innlegg inn í upplýsta umræðu um skotvopn og valdbeitingu íslensku lögreglunnar. Ég tel að skotvopnaburður almennra lögreglumanna geti haft mikil áhrif á sýn almennings á lögreglu og þess vegna er mikilvægt að taka upplýstar ákvarðanir í þessum málaflökki. Íslenska lögreglan nýtur mikils traust meðal almennings (Margrét Valdimarsdóttir og Sindri Baldur Sævarsson, 2021) og mikilvægt er að viðhalda því trausti (Tómas Bjarnason, 2014). Til þess er nauðsynlegt að umræðan um valdbeitingu lögreglu sé bæði gagnsæ og gagnrýnin.

## 2 Fræðilegur bakgrunnur

Þessum kafla er skipt upp í 6 undirkafla. Í fyrsta kafla er fjallað um lögregluvald, valdbeitingarheimildir og valdbeitingartæki lögreglunnar á Íslandi. Í öðrum kafla er almennt fjallað um skotvopnaburð lögreglunnar og meðalhófsregluna. Þriðji kafli fjallar um þörfina til að bera skotvopn þar sem farið er yfir grundvallarspurninguna hvort lögregla vopnuð skotvopnum stuðli að öruggara samfélagi. Einnig er fjallað um táknrænt vald lögreglu og hvaða þýðingu það hefur fyrir lögreglu og almenning. Í fjórða kafla er fjallað um Vestrænu löndin þar sem almennir lögreglumenn bera ekki skotvopn við skyldustörf og skoðað sérstaklega hvernig fyrirkomulag er varðandi skotvopn og viðhorf lögreglumanna þessara landa til skotvopnaburðar lögreglu. Síðustu tveir kaflarnir fjalla annars vegar um viðhorf lögreglumanna og hins vegar lögreglunema til skotvopnaburðar almennra lögreglumanna. Í þeim köflum er þróun viðhorfs til skotvopnaburðar lögreglu skoðað sérstaklega og rýnt í viðhorf stjórnámálanna og forsvarsmanna lögreglu um þennan málaflokk.

### 2.1 Valdbeiting

Lögregluvald er opinbert vald sem stjórnvöld fara með. Í því felst vald til að gefa fyrirskipanir og ef þörf krefur fylgja þeim eftir með valdbeitingu. Í lögregluvaldi felst heimild til afskipta af borgurum og handtöku ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Íslenska lögreglan sækir heimild til valdbeitingar í lögreglulög nr. 90/1996, lög um meðferð sakamála nr. 80/2008 og í reglur um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna (1999). Heimild til valdbeitingar er þó ýmsum takmörkunum háð. Í 14. gr. lögreglulaga er fjallað um að aldrei megi handhafar lögregluvalds ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni. Lögregla skal alltaf beita vægasta úrræði sem kostur er á, gæta fyllstu hlutlægni og allar valdbeitingaraðgerðir skulu vera réttlátar og lögmætar, oft kallað meðalhófsregla. Meðalhófsreglan er grundvallarregla í löggæslu og mótar verklagsreglur um valdbeitingu lögreglu (Þingskjal nr. 783/1995-1996).



Mynd 1. Valdbeitingarstigi lögreglu (Reglur um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna, 1999).

Valdbeiting lögreglu er vandmeðfarin og getur reynst hættuleg bæði þeim sem beitir valdi og þeim sem valdi er beint gegn. Valdbeiting hefur margar birtingamyndir og viðhorf lögreglumanna til valdbeitingar er mjög persónubundið og breytilegt. Sumir telja nauðsynlegt að sýna vald í ákveðnum aðstæðum á meðan aðrir kjósa frekar samræður (Noppe, 2019).

Í reglum um valdbeitingu er að finna valdbeitingarstiga sem er sjónræn framsetning á valdbeitingarúrræðum frá vægustu aðgerðum upp í þær harkalegustu (Mynd 1). Skipanir eru vægasta valdbeitingarúrræðið og beiting skotvopna sú alvarlegasta. Þrepið fyrir neðan skotvopn er kylfa en íslenska lögreglan er, sem fyrr segir, ekki búin rafbyssum (e. *taser*) og engin heimild er fyrir notkun þeirra. Árið 2007 kannaði þáverandi ríkislögreglustjóri hvort mögulegt væri að vopna lögreglumenn rafbyssum en eftir úttekt var það hans mat að ekki skyldi taka þær í notkun (þingskjal nr. 607/2010-2011. Svar dómsmála- og mannréttindaráðherra). Þrátt fyrir að meirihluti lögreglumanna væri hlynntur því að almennir lögreglumenn væru útbúnir rafbyssum rökstuddi ríkislögreglustjóri ákvörðun sína með vísun í að ofbeldisbrotum hefði ekki fjölgað síðustu ár og innleiðing rafbyssu gæti rýrt traust almennings á lögreglunni (Hallgrímur Kristján Gíslason og María Borg Gunnarsdóttir, 2020). Íslenskir lögreglumenn fá hins vegar þjálfun í notkun skotvopna af gerðinni 9mm Glock og Mp5.

## 2.2 Skotvopnaburður lögreglu

Lögregla um allan heim er búin valdbeitingartækjum og í langflestum löndum eru lögreglumenn útbúnir skotvopnum við almenn skyldustörf (Thomassen o.fl., 2019). Hlutverk lögreglu er að halda uppi reglu og stemma stigu við lögbrotum og hún þarf að geta yfirstigið mótspyrnu þeirra sem brjóta lög eða ógna öryggi almennings. Til að lögregla geti mætt mótspyrnu þarf hún að ganga á rétt viðkomandi og beita valdi. Hins vegar er þess krafist af lögreglunni að hún beiti lágmarks valdi, eða eins vægum úrræðum og unnt er í hvert sinn, til að ná markmiðum sínum. Ef lögreglan beitir skotvopni þá er verið að beita banvænu valdi (*e. lethal force*) sem er harðasta úrræði sem hægt er að beita (Philips, 2021). Valdið er ekki einungis fólgið í notkun skotvopna lögreglu heldur felst það einnig burði þeirra og sýnileika. Það að lögregla sé sjáanlega vopnuð skotvopnum getur eitt og sér verið nóg til þess að kveða niður mótspyrnu eða gefa skipunum aukið vægi. Ef það dugar ekki þá getur hótun um beitingu skotvopns dugað (Dunham og Alpert, 2001).

Fyrstu heimildir um notkun skotvopna meðal lögreglumanna í Bandaríkjunum er að finna í grein New York Daily Tribune frá árinu 1851. Þrátt fyrir að lítil áhugi hafi verið á rannsóknum á vopnaburði lögreglumanna má greina aukinn áhuga á undanförunum árum, sérstaklega í Bandaríkjunum á síðustu 5 árum. Þetta tengist vafalaust því að vopna notkun bandaríska lögreglumanna hefur breyst mikið á síðustu árum, sérstaklega við mótmæli og öðrum fjölmönnum viðburðum. Í þessum efnum talar fræðimaðurinn Scott W. Philips að ásýnd bandaríska lögreglumanna minni nú til dags um margt á hermenn sem getur verið varhugaverð þróun og ógni lögmæti lögreglunnar (Philips, 2021).

Meðalhófsreglan er grundvallarregla þegar kemur að störfum lögreglu. Þegar lögreglumenn eru útbúnir skotvopnum og þurfa að beita valdi er mikilvægt að hafa þá reglu ávallt hugfasta og reyna að leysa verkefni með því að lágmarka skaða einstaklinga og hámarka öryggi almennings (Todak og March, 2021). Það er viðurkennt að valdbeiting lögreglu er flókin og aðstæðubundin þar sem lögreglumenn geta þurft að taka ákvarðanir með litlum sem engum fyrirvara. Þrátt fyrir það er ákvarðanataka lögreglumanna bundin ákveðnum lögum og verklagsreglum sem lögreglumenn þurfa að hafa í heiðri þegar þeir beita valdi (Geller og Scott, 1992). Þar sem lögreglumenn eru vopnaðir skotvopnum er afar mikilvægt að skýr lög og



verklagsreglur varði beitingu þeirra. Sem dæmi má benda á að í víðamikilli rannsókn á notkun rafbyssa (*e. taser*) í Bandaríkjunum mátti sjá talsverðan mun á notkun rafbyssa á milli ríkja sem gerðu litlar kröfur í verklagsreglum og lögum og ríkja sem gerðu miklar kröfur (Thomas o.fl., 2010). Með skýrum lögum og reglum er hægt að draga úr óþarfa notkun eða hótunum um notkun skotvopna af hendi lögreglumanna.

## 2.3 Þörfin til að bera skotvopn

Grundvallarspurningin sem þarf að svara varðandi skotvopnaburð almennra lögreglumanna er hvort vopnaðir lögreglumenn stuðli að öruggara samfélagi? Því hefur löngum verið haldið fram að vopnuð lögregla geri samfélög öruggari en rannsóknir í Bandaríkjunum hafa leitt í ljós að vopnuð lögregla fækkar ekki tilvikum alvarlegra glæpa en eykur þvert á móti líkur á því að almennir borgarar verði skotnir til bana af lögreglu (Farmers og Evans, 2020). Þar sem íslensk menning og þjóðfélagsskipan er töluvert frábrugðin bandarísku þjóðfélagi er einnig mikilvægt að horfa til landa eins og Norðurlandanna sem eiga meira sammerkt með íslensku þjóðfélagi. Áhugavert er að bera saman Svíþjóð og Noreg hvað varðar fjölda tilfella þar sem lögreglan beitir skotvopnum. Svíþjóð og Noregur eru nokkuð lík lönd menningarlega en lögreglan í Svíþjóð er hins vegar vopnuð en ekki sú norska. Niðurstöður rannsóknar leiddi í ljós að lögreglan í Noregi beitir skotvopnum tíu sinnum sjaldnar miðað við höfðatölu en lögreglan í Svíþjóð (Knutsson og Strype, 2003). Þetta má þó mögulega útskýra að hluta til með ólíkum verklagsreglum landanna. Vísbendingar benda til þess að verklagsreglur lögreglustofnana hafi mun meiri áhrif á ákvarðanatöku lögreglumanna þegar kemur að notkun skotvopna en hvort lögreglumenn séu ávallt vopnaðir skotvopnum eða ekki (Hendy, 2014). Hvað varðar öryggið þá bendir rannsókn Hendy á að þó að sænskir lögreglumenn upplifi vissulega að skotvopn auki persónulegt öryggi þeirra sé hins vegar ekki raunin.

Þarf lögregla þarf að bera á sér skotvopn til að tryggja eigið öryggi? Algengt er að lögreglulið haldi því fram að það sé nauðsynlegt fyrir lögreglumenn að bera skotvopn til að geta tryggt öryggi borgaranna og sitt eigið. Engar haldbærar rannsóknir hafa þó sýnt fram á að svo sé. Þrátt fyrir það er almennt viðurkennt að lögreglan þarf aðgengi að skotvopnum til að geta sinnt starfi sínu og tryggt eigið öryggi. Umræðan snýr hins vegar að því hvort lögreglumenn þurfi *alltaf* að

bera á sér skotvopn við skyldustörf. Lögregluvaldið er að stórum hluta táknrænt (*e. symbolic*) og er það gjarnan upplifun almennings að vald lögreglu sé mun meira en það er í raun og veru. Sú staðreynd að lögregluvald sé að hluta táknrænt skiptir sköpun í samhengi við meðalhófsregluna og að beita lágmarks valdi hverju sinni (Evans og Farmer, 2020).

Það að almennir lögreglumenn beri alltaf á sér skotvopn sendir ákveðin skilaboð til samfélagsins. Lögreglumaðurinn þarf að viðurkenna í þessum efnum að hann getur tekið líf ef aðstæður krefjast þess og að hann hefur lagalega heimild til þess. Eins þarf almenningur að viðurkenna þessa heimild og getu lögreglumannsins. Þessi skilaboð eru því í ákveðinni þversögn við meðalhófsregluna. Ætlast er til þess að lögreglan tækli allar erfiðar uppákomur, vandræði og erfiðar aðstæður og þar spilar heimild til valdbeitinga oft stórt hlutverk. Á hinn bóginn ef lögreglan myndi alltaf beita valdi í öllum aðstæðum þar sem það væri heimilt kæmi fljótt í ljós að lögreglan hefur hvorki mannskap né getu til að standa undir því álagi. Ef við viðurkennum hins vegar að lögregluvald sé að mestu táknrænt og að lögregluvald sé samfélaginu til bóta vaknar spurningin um hvernig lögregluvaldi er best viðhaldið og þróað til framtíðar. Það er því nauðsynlegt að horfa til þess hvenær og hvernig lögreglan beitir valdi, í hvaða tilvikum skal nota skotvopn og hvort almenn lögregla ætti að bera skotvopn (Evans og Farmer, 2020).

Til að setja táknrænt lögregluvald í samhengi tala Evans og Farmer um tvö atvik í Ástralíu. Annað atvikið er þegar Martin Bryant myrti 35 manneskjur í Port Arthur. Í þeirri árás var árásarmaður talinn vopnaður árássarrifli og skammbyssum en þegar fyrsti lögreglumaður mætti á vettvang einn síns liðs með eina 5 skota skammbyssu gaf fjöldi fólks sig fram sem hafði verið í felum því lögreglan var mætt á vettvang. Aðstæðurnar á vettvangi voru slíkar að ef árásarmaðurinn hefði komið út úr byggingunni þar sem hann var með borgara í gíslatöku hefði lögreglumaðurinn átt litla möguleika. Þetta sýnir að almenningur sér lögregluna sem lögmætt yfirvald sem treyst er til að greiða úr aðstæðum sem þessum þó svo að það sé ekki alltaf rökrétt (Evans og Farmer, 2020).

Annað dæmið var þegar hluti lögreglumanna í Melbourne fór í verkfall árið 1923. Af u.þ.b. 1800 manna lögregluliði fóru 600 í verkfall á föstudegi og í kjölfarið varð algjör óreiða í miðbæ Melbourne þá helgina. Fjöldi rána átti sér stað og lögreglan náði ekki að kveða niður hin ýmsu uppþot fyrr en á sunnudagskvöld. Samt sem áður voru 1200 starfandi lögreglumenn í borginni (Evans og Farmer, 2020). Í þessu tilviki má leiða líkum að því að stór hluti almennings hafi túlkað verkfallið þannig að fáir sem enginn lögreglumaður hafi verið við störf þessa helgi og því gætu

Þessir aðilar komist upp með afbrot án þess að taka afleiðingunum. Þessi dæmi segja okkur að lögreglan og vald hennar er oft fjarri því sem almenningur telur. Ofmat á getu lögreglu getur einnig stuðlað að því að fólk fremji síður afbrot.

Þegar þörfinni fyrir skotvopnaburð almennra lögreglumanna er velt fyrir sér má einnig horfa til huglægra þátta. Í rannsókn Hendys (2021) um viðhorf norskra lögreglumanna til skotvopnaburðar almennra lögreglumanna komu, sem dæmi, fram áhugaverðir punktar. Einn þátttakandi í rannsókninni, lögreglumaður, hafði þetta að segja:

I feel when I have the weapon on me I have it there, but I don't need to touch it or anything, but when you get over the radio that your unit is going to arm yourself and you go to this address and resolve the situation, then you immediately start to, your heart rates goes up and you're thinking this, this is the real deal. So I would say that two years ago when we were not routinely armed, whenever we got a call where we armed ourselves we would have our hand on the gun, maybe have it outside the holster, but now it's much more rare that we take it out of the holster. (Officer F)

Lögreglumaður F talar um að hann geti farið mun rólegri í verkefni sem gætu krafist þess að skotvopni yrði beitt þegar hann er vopnaður almennt. Hins vegar þegar hann er ekki vopnaður og þarf að fá heimild til að vopnast verður lögreglumaðurinn mun meðvitaðri um að hann sé með skotvopn og streitan eykst (Hendy, 2021). Uppsöfnuð streita er þekkt vandamál viðbragðsaðila og að minnka hana getur haft áhrif á úrlausn verkefna sem og langtíma heilsu (Corrigan o.fl., 2021).

## 2.4 Vesturlönd þar sem almennir lögreglumenn bera ekki á sér skotvopn

Misjafnt er á milli þjóða hvaða valdbeitingartækjum almennir lögreglumenn eru búnir. Á heimsvísu eru aðeins 18 af 197 þjóðum heims ekki með almenna lögreglumenn vopnaða skotvopnum (Statista, 2020). Aðeins í fimm Vesturlöndum eru almennir lögreglumenn ekki vopnaðir skotvopnum við skyldustörf. Þau lönd eru Bretland (fyrir utan Norður Írland), Írland, Nýja Sjáland, Noregur og Ísland (Hendy, 2014). Ef fyrirkomulag landanna er skoðað nánar má sjá að Bretland sker sig úr. Í Bretlandi eru almennir lögreglumenn ekki vopnaðir og fá almennt ekki skipun um að vopnast þegar verkefni kalla á það. Í slíkum verkefnum bregðast sérstakir

lögreglumenn, skilgreindir sem vopnaðir lögreglumenn, við. Vopnaðir lögreglumenn í Bretlandi eru því aðgreindir frá almennum lögreglumönnum og hlutfall þeirra hefur farið hlutfallslega hækkandi síðustu ár (Yesberg og Bradford, 2018). Ekki er annað að sjá en að fyrirkomulag írsku lögreglunnar sé keimlíkt og hjá bresku lögreglunni þegar kemur að skotvopnaburði, en höfundi gekk erfiðlega að finna góðar heimildir í þeim efnum.

Noregur og Nýja Sjáland eru með svipað fyrirkomulag og Íslendingar. Almennir lögreglumenn bera ekki á sér skotvopn en geta fengið heimild til að vopnast ef verkefnið krefst þess. Aðgengi að skotvopnum er ýmist í læstum hirslum í lögreglubifreiðum eða á lögreglustöðvum (Knutsson og Strype, 2003). Í Nýja Sjálandi benda kannanir til þess að meirihluti lögreglumanna vilji bera skotvopn við almenn skyldustörf, eða um 73% í könnun sem var gerð árið 2021. Áhugavert er að bera þetta hlutfall saman við fyrri kannanir því árið 2013 var hlutfallið 63% en árið 2010 var það komið í 73%. Það má því segja að í Nýja Sjálandi sveiflist viðhorf lögreglumanna til skotvopnaburðar en skýrt er að meirihluti þeirra er hlynntur skotvopnaburði almennra lögreglumanna (New Zealand Police Association, 2021).

Norska lögreglan, ólíkt íslensku og nýsjálensku lögreglunni, hefur gripið til þess að vopna almenna lögreglumenn tímabundið vegna ástands í samfélaginu eða yfirvofandi hættu (Bergersen, 2018). Árið 2014 var norska lögreglan vopnuð í rúmt ár vegna hryðjuverkahótanna og var það í fyrsta sinn sem almennir lögreglumenn í Noregi báru á sér skotvopn við skyldustörf. Í rannsókn Ross Hendy var áhugavert að sjá mismunandi viðhorf lögreglumanna í Noregi til þess hvort lögreglumenn ættu að vera vopnaðir skotvopnum við skyldustörf. Sumum fannst þörfin óveruleg og rökstuddu það með því að þetta hefði ekki verið neitt vandamál eins og þetta var en aðrir töldu þetta jákvætt og að þeir upplifðu skotvopnið sem „enn eitt tólið í beltinu“ (Hendy, 2021). Það mátti þó sjá að fleiri lögreglumenn voru hlynntir skotvopnaburði frekar en á móti og sýndi könnun sem var gerð árið 2017 að 80% norskra almennra lögreglumanna vildu bera á sér skotvopn við skyldustörf (Thomassen o.fl., 2019).

## 2.5 Viðhorf lögreglumanna

Viðhorf lögreglumanna til skotvopnaburðar lögreglu eru misjöfn eftir löndum og menningu. Í Bandaríkjunum þar sem skotvopnamenning og skotvopnaeign er mikil væri líklega erfitt fyrir

lögreglumann að sjá fyrir sér að lögreglumenn væru óvopnaðir við skyldustörf. Viðhorf lögreglumanna í Bandaríkjunum til skotvopna eru almennt á þá leið að skotvopn séu ómissandi partur af starfinu því öðruvísi geti lögreglumenn ekki tryggt öryggi sitt. Ef þeir geta ekki tryggt sitt öryggi geti þeir vart tryggt öryggi annara (Farmer og Evans, 2020). Það má þó deila um þau rök eins og komið var inn á í kaflanum um þörfina til að bera skotvopn. Fáar, ef nokkrar, rannsóknir eru til á viðhorfum lögreglumanna til skotvopnaburðar lögreglumanna í löndum þar sem almennir lögreglumenn hafa lengi verið vopnaðir skotvopnum og lögreglumenn líta á skotvopnaburð almennra lögreglumanna sem sjálfsagðan hlut.

Viðhorf lögreglumanna til skotvopnaburðar í löndum þar sem lögregla ber ekki skotvopn við almenn skyldustörf eru ólík milli landa. Lögreglumenn í Bretlandi eru til að mynda frekar á móti því að vopna almenna lögreglumenn. Samkvæmt skoðanakönnun meðal breskra lögreglumanna frá árinu 2017 voru 34% hlyntir því að almenn lögregla yrði vopnuð skotvopnum og var það 11 prósentustiga hækkun frá sömu könnun sem lögð var fyrir lögreglumenn árið 2006. Hins vegar voru 56% þátttakenda tilbúnir að bera skotvopn ef þeim yrði skipað að gera slíkt og var það 10 prósentustiga hækkun frá könnuninni árið 2006 (Yesberg og Bradford, 2018).

Í Noregi og Nýja Sjálandi eru lögreglumenn talsvert jákvæðari fyrir því að vera vopnaðir skotvopnum við almenn skyldustörf eins og kom fram í kaflanum á undan. Um 80% svarenda í norskri rannsókn sem var gerð árið 2017 voru hlyntir því að bera skotvopn við almenn skyldustörf. Að sama skapi voru 73% svarenda hlyntir skotvopnaburði almennra lögreglumanna í ný-sjálensku rannsókninni sem var gerð árið 2021. (Thomassen o.fl., 2019; New Zealand Police Association, 2021).

Höfundur er ekki kunnugt um að gerð hafi verið skoðanakönnun um viðhorf íslenskra lögreglumanna til þess að bera skotvopn við almenn skyldustörf. Mikill meiri hluti íslenskra lögreglumanna upplifir sig örugga í vinnunni og eru ánægðir með úthlutaðan valdbeitingarbúnað samkvæmt skoðanakönnun ríkislögrelustjóra sem gerð var árið 2019. Í könnuninni kom fram að 68% telja sig mjög eða frekar örugga í vinnunni og 67% segja varnarbúnað sinn vera mjög eða frekar góðan. Ef gögnin eru borin saman við niðurstöður frá árinu 2018 má sjá að fjöldi þeirra sem telja sig frekar eða mjög örugga lækkar um 7 prósentustig og 7 prósentustiga fækkun meðal þeirra sem telja varnarbúnað sinn vera mjög eða frekar góðan (Fannar Kristmannsson og Guðrún Sesselja Baldursdóttir 2019, 2020). Það má velta því fyrir sér

hvort þessar lækkanir séu komnar til vegna mun fleiri verkefna sérsveitar lögreglu sem fela í sér vopnaða aðila (sjá Töflu 1). Mikil fjölgun var á verkefnum þar sem tilkynnt var um vopnaðan aðila árið 2017 og hefur verkefnum farið fjölgandi síðan.

Tafla 1. Verkefni þar sem tilkynnt er um vopnaðan aðila (Munnleg heimild, ríkislögreglustjóri, 2022)

<b>Sérsveit ríkislögreglustjóra</b>		
<b>Tegund verkefna:</b>		
<b>Ár</b>	<b>a) Tilkynnt um vopn á vettvangi*</b>	<b>b) &gt; þar af, tilkynnt um skotvopn á vettvangi</b>
2014	56	26
2015	68	29
2016	83	27
2017	174	51
2018	200	56
2019	202	66
2020	308	62
2021	319	87

\*Vopn getur átt við allar tegundir vopna, t.d. skotvopn, eggvopn, kylfur/barefli ofl.

Þrátt fyrir þessa fjölgun verkefna sérsveitar þar sem aðili er vopnaður virðast lögreglumenn ekki vopnast skotvopnum í takt við það. Frá árinu 2018 til 2021 hafa lögreglumenn vopnast frá 56 – 62 sinnum á ári (sjá Töflu 2). Velta má því fyrir sér af hverju svo er en mögulega eru flest þessi verkefni á höfuðborgarsvæðinu þar sem viðbragðstími sérsveitar er stuttur og aðstæður þannig að það tekur því ekki fyrir almenna lögreglumenn að vopna sig skotvopnum. Ef verkefnum með vopnuðum aðila fjölgar enn frekar má spyrja sig að því hvort öryggistilfinning lögreglumanna minnki frekar og því möguleiki á að viðhorf lögreglumanna til skotvopnaburðar almennra lögreglumanna breytist.

Tafla 2. Fjöldi tilvika þar sem lögreglumenn vopnast skotvopnum (munnleg heimild, ríkislögreglustjóri, 2022)

	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>
<b>Almenn lögregla vopnast</b>	56	62	62	57

Forsvarsmenn lögreglunnar og alþingismenn virðast ekki hlynntir því að vopna almenna lögreglumenn. Hafa þeir sagt að hvorki standi til að vopna almenna lögreglumenn né sé það vilji

lögreglunnar (Háskólinn á Akureyri, 2022; Hólmfríður Gísladóttir, 2022; Snorri Másson, 2022). Þó svo að forsvarsmenn lögreglunnar tali um að lögreglan sé ekki að fara að bera skotvopn á sér við almenn skyldustörf eru þeir sammála um að almennir lögreglumenn þurfi frekari úrræði í valdbeitingarbúnaði sem þeir geti borið á sér öllum stundum og nefna þá rafbyssur í því sambandi (Háskólinn á Akureyri, 2022). Lögreglumenn virðast almennt jákvæðir fyrir innleiðingu rafbyssu og hafa verið það í nokkurn tíma. Í skoðanakönnun meðal lögreglumanna sem var gerð árið 2012 kom það í ljós að 56% lögreglumanna svöruðu að þeim vantaði rafbyssu þegar spurt var um „hvaða öryggisbúnað hefur þér fundist þig hafa vantað við störf eða verkefni?“. Þá voru 78.5% að mestu leyti eða dálitlu leyti sammála um að lögreglan ætti að fá heimild til að taka upp rafbyssur (Framkvæmdastjórn LL, 2012).

Vert er að nefna að nokkur endurnýjun á sér stað innan lögreglustéttarinnar á Íslandi og er hún líkleg til að yngjast eftir að lögreglunámið var fært upp á háskólastig árið 2016 (Guðmundur Oddson o.fl., 2020). Höfundur rannsóknarinnar grunar að meðalaldur lögreglumanna fari lækandi en tölfræðideild ríkislögreglustjóra hafði engin tölfræðileg gögn um aldur lögreglumanna síðustu ára. Hins vegar má sjá að meðalaldur menntaðra lögreglumanna hjá embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra var 47,5 ár árið 2015 og 42,7 ár árið 2021 (Lilja Ólafsdóttir, munnleg heimild, 12. apríl 2021). Það rennir stoðum undir tilgátu höfundar.

## 2.6 Viðhorf lögreglunema

Ekki var að finna rannsóknir á viðhorfi lögreglunema í Bretlandi, Nýja Sjálandi og Írlandi varðandi skotvopnaburð en allavega tvær rannsóknir hafa verið gerðar í Noregi. Árið 2015 gerðu Fekjær og Strype rannsókn á viðhorfi lögreglunema árið 2013 og völdu það ár því það var áður en norska lögreglan var vopnuð tímabundið. Niðurstöður þeirrar rannsóknar leiddu í ljós að 32% nemanna vildu vera vopnaðir, 33% vildu ekki vera vopnaðir og 35% tóku ekki afstöðu (Fekjær og Strype, 2015). Þessar niðurstöður eru sérstaklega áhugaverðar í ljósi niðurstaða sem Skjevraak komst að í rannsókn sinni meðal lögreglunema árið 2016. Þær niðurstöður voru á þá leið að 84,3% lögreglunemanna vildu vera vopnaðir, 5,69% vildu ekki vera vopnaðir og 9,96% tóku ekki afstöðu (Skjevraak, 2016). Sjá má að þetta eru miklar breytingar á þremur árum og líklega hefur

umræðan og tímabundin vopnun almennra lögreglumanna haft mikil áhrif á viðhorf lögreglunemana.

Það er mikilvægt fyrir íslensku lögregluna og íslenskt samfélag að fá innsýn í viðhorf lögreglunema um ýmsa þætti tengda starfinu og þá sérstaklega skotvopnaburð. Eins og sjá má í sambærilegum löndum er meirihluti lögreglumanna og lögreglunema hlynntur skotvopnaburði. Viðhorf lögreglunema geta hins vegar breyst hratt eins og sjá má í könnunum meðal norskra lögreglunema. Ef lögreglumenn bera skotvopn á sér að staðaldri sendir það skýr skilaboð til samfélagsins um að lögreglumenn geta og hafa lagalega heimild til að beita banvænu-valdi (*e. lethal force*). Það má því gera því í skóna að ef almennir lögreglumenn yrðu vopnaðir skotvopnum við almenn skyldustörf myndi slíkt hafa áhrif á viðhorf almennings til lögreglunnar (Fekjær og Strype, 2015).

Að því sögðu á höfundur ekki von á því að íslenskir lögreglunemar séu almennt hlynntir skotvopnaburði almennra lögreglumanna. Íbúafjöldi Íslands er rúmlega 350.000 sem gerir Ísland talsvert frábrugðið öðrum löndum þar sem lögreglumenn bera ekki skotvopn. Ísland er mjög friðsælt land í alþjóðlegum samanburði og á Íslandi er enginn her. Ísland er til að mynda í fyrsta sæti „Global Peace Index“ árið 2021 yfir friðsælustu lönd heims (Institute for Economics & Peace, 2021). Það að íslenskir almennir lögreglumenn færu að bera skotvopn við almenn skyldustörf væri þar af leiðandi talsverð þversögn við þessa sýn á Ísland sem friðsæla þjóð.

Sú hugmynd að almennir lögreglumenn héraendis færu að bera skotvopn hefur ekki verið viðruð mikið opinberlega og virðist frekar sem stjórnvöld séu almennt á móti mikilli skotvopnaeign og skotvopnaburði lögreglunnar. Það sást kannski best á því að þegar til stóð að íslenska ríkið fengi 150 Mp5 byssur frá Norðmönnum í október 2014 upphófst mikið fjölmiðlafár. Alþingismenn fóru hörðum orðum um þessi skipti og endaði málið á því að ekkert varð úr þessum viðskiptum (144. löggjafarþing - 23. fundur, 2014). Í kjölfarið spurðu þingmenn allskyns spurninga um vopnaeign lögreglunnar og virtust hafa litla sem enga vitneskju um skotvopnaeign lögreglunnar



### 3 Gögn og aðferðir

Markmið þessarar ritgerðar er að kanna viðhorf lögreglumena til skotvopnaburðar íslensku lögreglunnar við almenn skyldustörf. Gögnin sem liggja til grundvallar eru spurningalistagögn úr samevrópska rannsóknarverkefninu RECPOL: Recruitment, Education, and Careers in the Police (Bjørge og Damen, 2020). Greind verða spurningalistagögn úr könnunum sem lagðar voru fyrir árin 2019 til 2022 fyrir nemendur í diplómanámi fyrir verðandi lögreglumenn við Háskólann á Akureyri, annars vegar nýnema og hins vegar kandídata til brautskráningar. Ekki var hægt að nota RECPOL gögn eldri en 2019 því það ár var eftirfarandi spurningu bætt við; „Ættu vakthafandi lögreglumenn alltaf að bera skotvopn á sér?“ sem er háða breytan í þessari rannsókn. Umrædd spurning hefur áður verið lögð fyrir í spurningalistakönnun fyrir annars vegar norska lögreglumenn (Finstad, 2011) og hins vegar norska lögreglumena (Fekjær og Strype, 2015). Þrjú svarmöguleikar eru við spurningunni: Já, nei og óákveðin/n. Í þessari rannsókn verður skoðað hvernig svör nemanna dreifast og tengsl svara við bakgrunnsbreytur á borð við uppruna, viðhorf til menntunar, áætlaðan starfsframa, kyn, aldur og pólitíska afstöðu. Kí-Kvaðrat próf (*e. Chi-Square Test*) var notað til að kanna hvort tölfræðilega marktækur munur væri á svörum hópa. Miðað var við 95% öryggismörk. Úrtakið sem liggur til grundvallar þessari rannsókn nær til nemenda sem innrituðust og/eða brautskráðust úr diplómanámi lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn á tímabilinu 2019-2021 (N = 188).

Bakgrunnsbreyturnar eru kyn (1 = kona, 2 = karl), aldur (19-46 ára), menntun (1 = 2 ára framhaldsskólanám, 2 = framhaldsskólanám, 3 = iðnskólanám, 4 = sérnám, 5 = háskólanám) og pólitísk afstaða (1 – 10 þar sem 1 er lengst til vinstri á vinstri-hægri stjórnmalaskalanum (Jost o.fl., 2008) og 10 lengst til hægri). Einnig var notast við breytuna „starfsferilsáform“ en þar er sérstaklega horft til þeirra sem sjá fyrir sér að vera starfandi sem almennir lögreglumenn eftir 10 ár og hvort þeir séu líklegri til að vilja bera skotvopn frekar en þeir sem sjá ekki fyrir sér að vinna sem almennir lögreglumenn í framtíðinni.

Tafla 3: Lýsandi tölfraeði


	%		
<b>Viðhorf til skotvopnaburðar</b>			
Já	16		
Nei	59		
Óákveðin	25		
Kyn, kvk	45		
Fyrri menntun, Háskólanám	22		
		Mean	SD
Aldur		24.6	4.7
Almenn deild eftir 10 ár (1-5)		3.9	1.0
Menntun (1-5)		2.5	1.4
Pólitísk afstaða (1-10)		5.8	1.7
<i>N</i>		188	

Tafla 3 sýnir lýsandi tölfraeði fyrir úrtakið. Kynjahlutfallið er nokkuð jafnt, 45% konur og líttill munur á kynjum þegar kemur að starfsframa, en karlar eru aðeins líklegri til að sjá fyrir sér að vinna sem almennir lögreglumenn eftir 10 ár. Ríflega fimmtungur (22%) svarenda var búinn með annað háskólanám og voru konur líklegri til að vera háskólamenntaðar en karlar.

Lögreglunám á Íslandi var fært upp á háskólastig hjá Háskólanum á Akureyri árið 2016 (Guðmundur Oddsson o.fl., 2020). Fyrstu árin var valið inn í starfsnám verðandi lögreglumanna eftir fyrsta misseri við Háskólann á Akureyri með inntökuprófi auk þess sem ákveðin skilyrði þurftu að vera uppfyllt (40 til 50 nemendur að jafnaði hvert ár, en mun fleiri hófu nám að hausti). Árið 2020 var inntökuferberlinu breytt þannig að einungis þeir sem staðist höfðu inntökuskilyrði HA, inntökupróf og skilyrði Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu (MSL) áttu kost á að hefja nám að hausti. Þetta þýðir að úrtak nýnema árið 2019 (N=94) er mun stærra en nýnema 2020 (N=25) og 2021 (N=32). RECPOL könnunin er lögð fyrir nýnema og svo aftur fyrir nemendur sem eru að brautskrást. Í gagnasafninu eru aðeins svör frá brautskráningarnemum fyrir árin 2020 og 2021 (N=37).


## 4 Niðurstöður

Mynd 2 sýnir dreifingu svara lögreglumema við spurningunni hvort lögreglumenn eigi að ganga með skotvopn við almenn skyldustörf. Meirihluti (59%) vill ekki að lögreglumenn beri skotvopn við skyldustörf. Fjórðungur (25%) er óákveðin/n og 16% er hlynnt skotvopnaburði almennra lögreglumanna.




Mynd 2. Viðhorf lögreglumema til skotvopnaburðar.

Mynd 3 sýnir dreifingu svara eftir kyni. Á myndinni má sjá að hærra hlutfall karla (20%) segist hlynnt skotvopnaburði almennra lögreglumanna við skyldustörf en kvenna (11%). Karlar eru einnig líklegri til þess að taka afgerandi afstöðu til spurningarinnar (82% svara spurningunni játandi eða neitandi) meðan þriðjungur (33%) kvenna er óákveðinn. Kí-kvaðrat próf sýnir að marktækur munur er á afstöðu kynjanna ( $\chi^2(2, n=188)=7,08; p<0,05$ ) sem er í samræmi við rannsóknir á afstöðu norskra lögreglumema til skotvopnaburðar (Fekjær og Strype, 2015; Skjervak, 2016).




Mynd 3. Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar eftir kyni.

Rannsókn Fekjær og Strype (2015) sýnir að áhrif kyns á viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar lögreglumanna hverfa í aðhvarfsgreiningu þegar stjórnað er fyrir starfsferilsáformum (*e. operational orientation*). Í ljósi þess var kannað hvort það væri kynjamunur á afstöðu svarenda til staðhæfingarinnar „Ég mun starfa sem almennur lögreglumaður eftir 10 ár“. Mynd 4 sýnir að karlar eru líklegri en konur til þess að sjá sig sem almennan lögreglumann eftir 10 ár en munurinn er ekki tölfræðilega marktækur ( $X^2_{(4, n=188)}=1,24; p>0,05$ ). Tvíkosta aðhvarfsgreining sýnir að starfsferilsáform skýra lítinn sem engan mun á áhrifum kyns til viðhorfs skotvopnaburðar lögreglumanna sem er þvert á niðurstöður rannsóknar Fekjær og Strype (2015).




Mynd 4. Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar eftir starfsferilsáformum.

Mynd 5 sýnir að þeir svarendur sem telja líklegt eða mjög líklegt að þeir starfi enn sem almennir lögreglumenn eftir 10 ár eru hlyntari skotvopnaburði almennra lögreglumanna en þeir sem telja ólíklega að þeir muni starfa sem almennir lögreglumenn eftir áratug. Munurinn er þó ekki tölfræðilega marktækur ( $\chi^2_{(2, n=188)}=1,40; p>0,05$ ).



Mynd 5. Viðhorf lögreglunema til skotvopna eftir starfsframa.


Fyrri rannsóknir benda til þess að meira menntaðir lögreglumenn beiti síður valdi (Paoline og Terrill, 2007) en óvíst er hvort menntun hafi áhrif á viðhorf til skotvopnaburðar (Ingram o.fl., 2014). Rannsókn Fekjær og Strype (2015) sýnir þó að norskir lögreglumenn með enga fyrri háskólamenntun á bakinu eru hlynntari því að lögreglumenn beri skotvopn við almenn skyldustörf. Í ljósi þess verða skoðuð áhrif fyrri háskólamenntunar á viðhorf til skotvopnaburðar almennra lögreglumanna (Mynd 6). Niðurstöðurnar bera að sama bruni og rannsókn Fekjær og Strype (2015); lögreglumenn með enga aðra háskólamenntun að baki virðast hlynntari skotvopnaburði almennra lögreglumanna en meira menntaðir lögreglumenn þó svo að munurinn sé ekki tölfræðilega marktækur ( $X^2_{(2, n=151)}=2,79; p>0,05$ ). Tvíkosta aðhvarfsgreining sýnir að fyrri háskólamenntun skýrir hluta af áhrifum kyns á viðhorfi til þess hvort að almennir lögreglumenn eigi að bera skotvopn við skyldustörf.



Mynd 6. Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar eftir menntun.


Fyrri rannsóknir benda til þess að stjórn málaafstaða móti viðhorf lögreglunema til valdbeitingar (Wozniak, 2017) og því ástæða til þess að ætla slíkt hið sama gæti átt við mögulega verðandi lögreglumenn. Þetta var kannað í þessari rannsókn með því að biðja svarendur um að staðsetja sig á hinum þekkta vinstri-hægri stjórn málaakvarða (Jost o.fl., 2008). Mynd 7 sýnir að lögreglumenn sem staðsetja sig á hægri ás vinstri-hægri stjórn málaakvarðans eru hlynntari því að lögreglumenn beri skotvopn við almenn skyldustörf en þeir sem staðsetja sig vinstra megin. Munurinn er ekki tölfræðilega marktækur miðað við 95% öryggismörk ( $X^2_{(4, n=151)}=2,79; p>0,05$ ).

$n=148$ ;  $p>0,05$ ) en er marktækur miðað við 90% öryggismörk ( $p=0,07$ ). Líkt og með fyrri háskólamenntun sýnir tvíkosta aðhvarfsgreining að stjórn málaafstaða úskýrir hluta af áhrifum kyns á viðhorf til þess hvort að almennir lögreglumenn eigi að bera skotvopn við skyldustörf.




Mynd 7. Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar eftir stjórn málaafstöðu.

Meðal aldur svarenda var 24,6 ár (Tafla 3). Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum (United Nation) er ungt fólk (*e. youth*) skilgreint sem einstaklingar á aldrinum 15 til 24 ára (United Nation, e.d.). Í þessari rannsókn var ákveðið að skipta aldri svarenda í þrjú flokka: 24 ára og yngri, 25 – 29 ára og 30 ára og eldri (sjá mynd 8). Meira en helmingur svarenda var 24 ára eða yngri (58%,  $N=106$ ), 24 – 29 ára voru 26% ( $N=47$ ) og 30 ára og eldri voru 16% ( $N=29$ ).



Mynd 8. Aldur lögreglunema.

Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar lögreglumanna dreifðist nokkuð jafnt milli þessara þriggja aldursflokka (sjá Mynd 9). Þeir svarendur sem voru 25 – 29 ára voru líklegastir til að vera hlyntir skotvopnaburði (21%) en þeir sem voru 30 ára og eldri ólíklegastir (7%). Þeir sem eru 30 ára og eldri voru líklegastir til að vera á móti skotvopnaburði almennra lögreglumanna (69%) og 24 ára og yngri voru líklegastir til að vera óákveðin (27%). Tvíkosta aðhvarfsgreiningi sýndi að lítil sem engin munur var á áhrifum kyns á grundvallarspurninguna „eiga lögreglumenn að bera skotvopn við skyldustörf?“ þegar stýrt var fyrir aldri.





Mynd 9. Viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar eftir aldri.

Úrtakið í þessari rannsókn var nokkuð jafnt þegar horft er til kynja. Sjá mátti nokkurn mun á svörum milli kynja í bakgrunnsbreytunum þó að það væri ekki tölfræðilega marktækur munur miðað við 95% öryggisbil. Helstu niðurstöðurnar voru þær að munur er á viðhorfum lögreglunema til skotvopna á milli kynja og ólíkt norsku rannsókninni hjá Fekjær og Strype (2015) skýrðist sá munur ekki á starfsferils áformum. Bakgrunnsbreyturnar „menntun“ og „stjórn málaafstaða“ höfðu áhrif á umræddan kynjamun að litlu leyti en aðrar bakgrunnsbreytur höfðu lítil sem engin áhrif.

## 5 Samantekt og niðurlag

Markmið þessarar ritgerðar var að varpa ljósi á viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar almennra lögreglumanna við skyldustörf. Niðurstöðurnar sýna að 59% lögreglunema vilja ekki að lögreglumenn beri skotvopn við skyldustörf, fjórðungur (25%) tekur ekki afstöðu og 16% eru hlyntir. Eins segja niðurstöðurnar okkur að konur eru marktækt líklegri en karlar til að vera andvígur skotvopnaburði almennra lögreglumanna. Einnig eru vísbendingar um að háskólamenntaðir og þeir sem skilgreina sig sem vinstri sinnaða í pólitík séu líklegri til að vera á móti því að almennir lögreglumenn beri skotvopn við skyldustörf þrátt fyrir að þær niðurstöður séu ekki tölfræðilega marktækar miðað við 95% öryggismörk.

Niðurstöður rannsóknarinnar ættu ekki að koma á óvart miðað við ímynd Íslands sem friðsæls lands með lága tíðni alvarlega ofbeldisbrota (Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, 2017). Eins virðast stjórnvöld og forsvarsmenn lögreglunnar á móti því að almennir lögreglumenn beri skotvopn við skyldustörf (Háskólinn á Akureyri, 2022; Hólmfríður Gísladóttir, 2022; Snorri Másson, 2022).

Gögnin sem liggja fyrir hafa þó sína annmarka. Úrtakið er ekki stórt (N=188) og fjöldi svarenda milli ára er nokkuð misjafn. Úrtakið eru nýnemar á árunum 2019 til 2021 (N=153) og brautskráningarnemar á árunum 2020 og 2021 (N=35) og bjagar það gögnin.

Mikilvægt er að halda áfram að skoða viðhorf lögreglunema til skotvopnaburðar almennra lögreglumanna við skyldustörf. Það þarf ekki mikið að gerast til þess að breytingar verði í þessum málaflokki og það getur gerst hratt eins og sjá mátti í Noregi (Fekjær og Strype, 2015; Skjevraak, 2016). Í tengslum við þetta má nefna að í byrjun árs 2022 lýsti dómismálaráðherra þungum áhyggjum af þróun og aukningu skotárása auk mikillar fjölgunar verkefna sérsveitar í vopnamálum (Snorri Másson, 13. febrúar 2022). Einnig haldlagði lögreglan í fyrsta skipti skotvopn sem talið er hafa verið búið til með þrívíddarprentara í febrúar 2022 (Snorri Másson, 14. febrúar 2022). Það má því velta fyrir sér hvort viðhorf lögreglunema um skotvopnaburð almennra lögreglumanna við skyldustörf kynnu að breytast ef þessi þróun heldur áfram.

Gera má ráð fyrir því að ákveðin kynslóðabreyting sé að eiga sér stað innan lögreglunnar. Eftir að lögreglunámið á Íslandi var fært upp á háskólastig árið 2016 (Guðmundur Oddsson o.fl., 2020) má gera ráð fyrir því að nýútskrifaðir lögreglumenn komi inn í starfstéttina með einhverskonar háskólamenningu í bland við lögreglumenningu (Petersson, 2015). Ofan á það

má sjá að meðalaldur svarenda í þessari rannsókn er 24,6 ára (sjá töflu 2) og þó ríkislögreglustjórinn hafi ekki tölfræðileg gögn um meðalaldur menntaðra lögreglumanna þá gefa gögn Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra (Lilja Ólafsdóttir, munnleg heimild, 12. apríl 2021) til kynna 4,8 ára lækkun á meðalaldri menntaðra lögreglumanna hjá embættinu frá árinu 2015 til ársins 2021. Sú þróun gefur vísbendingu um að lögreglustéttin sé að yngjast.

Miklar breytingar urðu á grunnnámi lögreglumanna árið 2016 þegar náminu var breytt úr því að vera nám á framhaldsskólastigi á vegum Lögregluskóla ríkislögreglustjóra yfir í að verða háskólanám í Háskólanum á Akureyri í samstarfi við Menntasetur lögreglunnar (MSL) (Guðmundur Oddsson o.fl., 2020). Því miður var þó aðeins hægt að notast við gögn úr RECPOL gagnagrunninum frá árinu 2019 því að þá var spurningunni „Ættu vakthafandi lögreglumenn alltaf að bera skotvopn á sér?“ bætt inn. Gögnin fyrir íslenska lögreglunemagagnagrunnurinn ná aftur til ársins 2011, þegar Lögregluskólinn var og hét. Fróðlegt hefði verið að skoða hvort breytingar hefðu orðið á viðhorfum lögreglunema frá tímum Lögregluskólans og til þess þegar námið var fært upp á háskólastig, en því er ekki að skipta. Hins vegar verður fróðlegt að fylgjast með þróun viðhorfa eftir því sem lögreglunám á háskólastigi festir sig í sessi hérlandis.

Mikil breyting varð á inntökuferli fyrir diplómanám verðandi lögreglumanna árið 2020. Áður gátu allir sem uppfylltu almenn inntökuskilyrði Háskólans á Akureyri hafið diplómanám í lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn. Hins vegar tók MSL aðeins 40-50 nemendur í starfsnám á seinni önn skólaársins. Þar sem starfsnámið er skilyrði til þess að ljúka diplómanáminu gátu aðeins þeir sem teknir voru inn haldið áfram námi. Árið 2020 var inntökuferli starfsnáms MSL haldið fyrir skráningu í Háskólann á Akureyri og inntökukröfum í starfsnám diplómanáms í lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn breytt þannig að nú varð gerð krafa á að umsækjendur hefðu komist inn í starfsnám MSL áður en þeir hófu nám við Háskólann á Akureyri.

Fyrir þessar breytingar var nýnema hópur lögreglufræðinema mun stærri og fjölbreyttari heldur en eftir breytingar. Hins vegar þýða þessar breytingar að gögn RECPOL verða mun „markvissari“ í þeim skilningi að aðeins þeir sem hafa tækifæri til þess að verða lögreglumenn svara spurningunum. Eins þýðir þetta að sami hópur svarar spurningum sem nýnemar og brautskráninganemar sem er kjörið tækifæri til að rannsaka hvort einhverjar viðhorfsbreytingar verða hjá lögreglunemunum á þeim tveimur árum sem diplómanámið tekur.

# Heimildir

- Bergersen, S. (2018). Communicating Risk: A Case Study on the 2014 Terror Alert in Norway. *Alternatives: Global, Local, Political* 42(4), 195-201.  
<https://doi.org/10.1177/0304375418770300>
- Bjarni Rúnarsson. (2022, 14. febrúar). Undirheimar ekki aðskildir frá samfélaginu. *Rúv*.  
<https://www.ruv.is/frett/2022/02/14/undirheimar-ekki-adskildir-fra-samfelaginu>
- Bjørge, T. og Damen, M. L. (2020). *The Making of a Police Officer Comparative Perspectives on Police Education and Recruitment*. Routledge.
- Corrigan, S. L., Roberts, S., Warmington, S., Drain, J. og Main, L. C. (2021). Monitoring stress and allostatic load in first responders and tactical operators using heart rate variability: a systematic review. *BMC Public Health* 21(1), 1-16.
- Dunham, R., G. og Alpert, G., P. (2001). The foundation of the police role in society. Í Dunham, R., G. og Alpert, G., P. (ritstjórar), *Critical issues in policing* (4. útgáfa) (bls. 1-16). Waveland Press.  
[https://books.google.is/books?hl=en&lr=&id=nqW3BgAAQBAJ&oi=fnd&pg=PA3&dq=The+foundation+of+the+police+role+in+society&ots=CFiCLEHiv9&sig=rAAaiaETJXfhInNOVzsTeltRzHo&redir\\_esc=y#v=onepage&q=The%20foundation%20of%20the%20police%20role%20in%20society&f=false](https://books.google.is/books?hl=en&lr=&id=nqW3BgAAQBAJ&oi=fnd&pg=PA3&dq=The+foundation+of+the+police+role+in+society&ots=CFiCLEHiv9&sig=rAAaiaETJXfhInNOVzsTeltRzHo&redir_esc=y#v=onepage&q=The%20foundation%20of%20the%20police%20role%20in%20society&f=false)
- Evans, R. og Farmer, C. (2021). *Do Police Need Guns?*. Springer.  
<https://doi.org/10.1007/978-981-15-9526-4>
- Farmer, C. og Evans, R. (2020). Primed and Ready: Does Arming Police Increase Safety? Preliminary Findings. *Violence and gender* 2(7), 47-56.
- Fannar Kristmannsson og Guðrún Sesselja Baldursdóttir. (2019). Starfsumhverfi lögreglumanna og öryggistilfinning 2018. *Ríkislögreglustjóri*.
- Fannar Kristmannsson og Guðrún Sesselja Baldursdóttir. (2020). Starfsumhverfi lögreglumanna og öryggistilfinning 2019. *Ríkislögreglustjóri*.
- Farmer, C. og Evans, R. (2020). Primed and Ready: Does Arming Police Increase Safety? Preliminary Findings. *Violence and Gender* 7(2), 47-56.
- Fekjær, S., B. og Stype, J. (2015). Norwegian police students' attitudes towards armament. *International Journal of Police Science & Management* 17(3), 182-188.
- Forbes, M. og Boynton, J. (2020, 5. apríl). Most Māori and Pasifika don't feel safe with police Armed Response Teams out and about – survey. *Newshub*.  
<https://www.newshub.co.nz/home/new-zealand/2020/04/most-m-ori-and-pasifika-don-t-feel-safe-with-police-armed-response-teams-out-and-about-survey.html>

- Framkvæmdastjórn LL (2012). Skoðanakönnun - á meðal starfandi lögreglumanna um vopnaburð o.fl. Lögreglumaðurinn, 28(1), 4-9. Sótt af [https://logreglumenn.is/wp-content/uploads/2019/09/logreglumadurinn\\_01\\_2012.pdf](https://logreglumenn.is/wp-content/uploads/2019/09/logreglumadurinn_01_2012.pdf)
- G. Jökull Gíslason. (2011). Að vopnast eða vopnast ekki – skotvopnanotkun lögreglu á Íslandi. Lögreglumaðurinn 27(3), 4-9. [https://logreglumenn.is/wp-content/uploads/2019/09/logreglumadurinn\\_03\\_2010.pdf](https://logreglumenn.is/wp-content/uploads/2019/09/logreglumadurinn_03_2010.pdf)
- Gellar, W., A. og Scott, M., S. (1992). Deadly force. What we know: A practitioner's desk reference on police-involved shootings. *Police Executive Research Forum*. <https://www.ojp.gov/ncjrs/virtual-library/abstracts/deadly-force-what-we-know-practitioners-desk-reference-police>
- Guðmundur Oddson, Andrew Paul Hill, Ólafur Örn Bragason, Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson. (2020). Iceland as a microcosm of the effect of educational reform on police students' social background. Í Tore Bjørgo og Marie-Louise Damen (ritstjórar), *The making of a police officer* (bls. 81-95).
- Guðmundur Oddson og Andrew Paul Hill. (2021). Mannekla lögreglu og mjúk löggæsla í dreifbýli. *Íslenska þjóðfélagið* 12(1), 41-61.
- Hallgrímur Kristján Gíslason og María Borg Gunnarsdóttir. (2020). *Rafbyssur sem valdbeitingartæki lögreglunnar* [BA ritgerð]. Háskólinn á Akureyri.
- Háskólinn á Akureyri. (2022, 23. febrúar). *Vopnavæðing lögreglu [Málþing]*. <https://www.unak.is/is/samfelagid/upptokur-og-utsendingar?r=29af62b9-8caf-453b-9012-ae4500f074fe>
- Heimir Már Pétursson. (2014, 21. október). Stefnubreyting ef vopna á lögregluna. *Vísir.is*. <https://www.visir.is/g/2014141029773/stefnubreyting-ef-vopna-a-logregluna>
- Hendy, R. (2014). Routinely Armed and Unarmed Police: What can the Scandinavian Experience Teach us? *Policing: A Journal of Policy & Practice* 8(2), 183-192.
- Hendy, R. (2021). Effectiveness and efficiency: Oslo police officers' perspectives of the necessity and utility of temporarily routinely arming in response to a terrorist threat. *Policing and Society* 31(6), 672-686.
- Home Office (2021). *Police use of firearms statistics England and Wales April 2020 to March 2021*. <https://www.gov.uk/government/statistics/police-use-of-firearms-statistics-england-and-wales-april-2020-to-march-2021/police-use-of-firearms-statistics-england-and-wales-april-2020-to-march-2021>
- Hólmfríður Gísladóttir. (2022, 15. febrúar). Hefur áhyggjur af því hversu auðvelt sé að flytja inn byssur. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20222222876d/hefur-ahyggjur-af-thvi-hversu-audvelt-se-ad-flytja-inn-byssur>

- Institute for Economics & Peace (2021). *Global Peace Index 2021: Measuring Peace in a Complex World*. <https://www.visionofhumanity.org/wp-content/uploads/2021/06/GPI-2021-web-1.pdf>
- Ingram, J. R., Weidner, R. R., Paoline, E. A. og Terrill, W. (2014). Supervisory influences on officers' perceptions of less lethal force policy: a multilevel analysis. *Policing: An International Journal of Police Strategies and Management* 37(2), 355–372.
- Jost, J. T., Nosek, B. A. og Gosling, S. D. (2008). Ideology: Its Resurgence in Social, Personality, and Political Psychology. *Perspectives on psychological science* 3(2), 126-136. <https://doi.org/10.1111%2Fj.1745-6916.2008.00070.x>
- Knutsson, J. og Strype, J. (2003). Police use of firearm in Norway and Sweden: The significance of gun availability. *Policing and Society* 13(4), 429-439.
- Löggjafabing. (2014). 144. löggjafabing - 23. fundur. <https://www.althingi.is/skodalid.php?lthing=144&lidur=lid20141022T150424>
- Lögreglan. (2021, 11. október). Sérsvait. *Lögregluvefurinn*. <https://www.logreglan.is/logreglan/rikislogreglustjori/sersvait/>
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu. (2015). *Ársskýrsla 2015*.
- Lögreglulög nr. 90/1996.
- Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. (2017). Íslensk afbrotufræði: Yfirlit íslenskra rannsókna á afbrotum og öðrum frávikum. *Íslenska þjóðfélagið*, 8(2), 123-137. <https://thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/127>
- Margrét Valdimarsdóttir og Sindri Baldur Sævarsson. (2021). Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu. *Ríkislögreglustjóri*. [https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/11/tholendakonnun\\_landid\\_2021.html#T%C3%AD%C3%B0nitafla23](https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/11/tholendakonnun_landid_2021.html#T%C3%AD%C3%B0nitafla23)
- Noppe, J. (2019). Dealing with the authority to use force: reflections of Belgian police officers. *Policing and Society* 30(5), 502-518.
- New Zealand Police. (2020). *Armed Response Team Trial Evaluation Report*. <https://www.police.govt.nz/sites/default/files/publications/armed-response-team-trial-evaluation-report.pdf>
- New Zealand Police Association. (2021). We need general arming. *Police News* August 2021, 4-5.

- Norway Today. (2022, 1. febrúar). Most Norwegians still have a high level of trust in the police, new survey shows. *Norway Today*. <https://norwaytoday.info/news/most-norwegians-still-have-a-high-level-of-trust-in-the-police-new-survey-shows/>
- Paoline, E. A. og Terrill, W. (2007). Police education, experience, and the use of force. *Criminal Justice and Behavior* 34(2), 179–196. <https://doi.org/10.1177/0093854806290239>
- Petersson, O. (2015) *Att bli polis. Från utbildningens förväntningar till gatans norm*. Norstedts Juridik.
- Philips, S., W. (2021). A historical examination of police firearms. *The Police Journal* 94(2), 122-137. <https://journals.sagepub.com/doi/10.1177/0032258X20917433>
- Reglur um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. febrúar 1999.
- Ríkislögreglustjórnin. (2010). *Ofbeldi gagnvart lögreglumönnum*. <https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/03/Ofbeldi-gegn-lögreglumönnum-samantekt-útg-2010.pdf>
- Skjevrak, P., E. (2016). *Bevæpning av det norske politi? - Om politistudenters holdning til spørsmålet etter å ha vært i praksis under midlertidig bevæpning*. [Meistararitgerð, Universitetet i Oslo]. <http://www.duo.uio.no/>
- Snorri Másson. (2022, 13. febrúar). Segir skelfilega stöðu komna upp. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20222222001d>
- Snorri Másson. (2022, 14. febrúar). Mögnuð tækni misnotuð: Byssur þrívíddarprentaðar á Íslandi. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20222222765d/mognud-taekni-misnotud-byssur-thrividdarprentadar-a-islendi>
- Statista (2020). Infographic: Where are the world's unarmed police officers? Sótt af <https://www.statista.com/chart/10601/where-are-the-worlds-unarmed-police-officers/>
- Taylor, P. (2020, 9. júní). New Zealand drops armed police trial after public concern. *The Guardian*. <https://www.theguardian.com/world/2020/jun/09/new-zealand-drops-armed-police-trial-after-public-concern>
- Today, N. og March, M. (2021). De-escalation in policing, preliminary answers to key questions. Í G. R. Dunham, P. G. Alpert og D. K. McLean (ritstjórar), *Critical issues in policing* (bls. 398-415). Long Grove, Illinois: Waveland press, Inc.
- Thomas, K., J., Collins, P., A., Lovrich, N., P. (2010). Conducted Energy Device Use in Municipal Policing: Results of a National Survey on Policy and Effectiveness Assessments. *Police Quarterly* 13(3), 290-315. <https://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/1098611110373995>

- Thomassen, G., Skjevraak, P. E., Strype, J., Barland, B. og Myher, T. (2019). Alltid våpen i tjenesten? Politihøgskolen. <https://phs.brage.unit.no/phs-xmlui/handle/11250/2634550>
- Tone Vangen. (2021, 22. október). *Nasjonal bevæpning avsluttes*. Politiet.no. <https://www.politiet.no/aktuelt-tall-og-fakta/aktuelt/nyheter/2021/10/21/nasjonal-bevapning-avsluttes/>
- Tómas Bjarnason (2014). Traust í kreppu: Traust til Alþingis, lögreglu, stjórnámálanna og forseta Íslands í kjölfar hrunsins. *Íslenska þjóðfélagið* 5(2)
- United Nation (e.d.). *Youth*. Un.org. <https://www.un.org/en/global-issues/youth>
- Yesberg, J, A. og Bradford, B. (2018). Affect and trust as predictors of public support for armed police: evidence from London. *Policing and Society* 29(9), 1058-1076.
- Pingskjal nr. 925/2014-2015. Svar innanríkisráðherra við fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur um vopnaeign og vopnaburð lögreglunnar.
- Pingskjal nr. 783/1995-1996. Frumvarp til lögreglulaga.
- Pingskjal nr 941/2021-2022. Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um skotvopnaeign, innflutning skotvopna og framleiðslu. <https://www.althingi.is/altext/152/s/0941.html?fbclid=IwAR11aUnylfwfWt4sEvNLV4wDi5uO5qhambQtTvRblWZNieuVaB60I1WMdWQ>
- Wozniak, K. H. (2017). Public Opinion About Gun Control Post–Sandy Hook. *Criminal Justice Policy Review*, 28(3), 255-278. <https://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/0887403415577192>



# Viðauki

## Reglur um notkun og umgengni um skotvopna lögreglunnar á Norðurlandi eystra

Til áréttingar er tekið fram að öll misnotkun starfsmanna á skotvopnum í eigu lögreglu og reglum sem um meðferð þeirra gilda, verður meðhöndlað sem gróft agabrot í starfi. Slík brot geta varað að aðfinnslu, áminningu eða brottvikningu, skv. Starfsmannalögum. Lögreglustóri og yfirlögregluþjónn meta eðli og umfang brota.

### 1. gr.

#### Notkun skotvopna

Í neyðartilvikum er ákvarðanataka um að vopnast og stjórnun á hendi varðstjóra þeirrar lögreglustöðvar þar sem verkefnið kemur upp. Ef ekki er varðstjóri þar við vinnu er ákvarðanataka og stjórnun á hendi varðstjóra lögreglustöðvarinnar á Akureyri. Þetta á þó ekki við um aflifun dýra.

Ef lögreglumenn vopnast skal lögreglustjóra og /eða yfirlögregluþjóni tilkynnt um það án tafar og hvers kyns verkefnið er. Ef ekki næst strax í þessa yfirmenn er sá stjórnandi sem tekur ákvörðun um að vopnast með stjórn á verkefninu þar til næst í hærr setta yfirmenn.

Allt annað sem ekki er skilgreint sem neyðartilvik eða skotæfing sbr. 3 gr. t.a.m. vopnað eftirlit og annað slíkt, skal vera í samráði við lögreglustjóra eða yfirlögregluþjón áður en lögreglumenn vopnast.

Skotvopn á aldrei að taka upp á almannafæri nema til standi að nota það í neyð.

Í neyðartilviki fyrirskipar stjórnandi að lögreglumenn skuli vopnast og skulu þeir sem vopnbúast á lögreglustöð, spana og slíðra vopnið þar. Þeir sem vopnbúast vopnum sem vörsluð eru í lögreglubíl skulu velja öruggan stað til að stöðva, búa sig verjum, vopnast, spana og slíðra þar.

Eftir aðgerð skal byssan afhlaðin og tryggð á lögreglustöð.

Aflifun dýra telst vera neyðartilvik, en byssan skal þá vera hlaðin og afhlaðin á vettvangi.

### 2. gr.

#### Skotpróf

Hver lögreglumaður skal standast skotpróf árlega og fá því til staðfestingar skotvopnaskírteini lögreglu, samkvæmt fyrirmælum ríkislögreglustjóra.

### 3. gr.

#### Skotæfingar

Skotæfingar skulu að öllu jöfnu fara fram undir stjórn skotstjóra (sjá Öryggisreglur á skotsvæði).

Skotstjórar skulu halda nákvæma skrá um hversu mörgum skotum er skotið og af hvaða lögreglumanni.

Ef skotfæri hefur reynst gallað eða tynist skal það tilkynnt til skotstjóra.

Miðað er við að hver lögreglumaður í þjálfunarstigi 3 skjóti 200 skotum á ári á æfingum á vegum embættisins en lögreglumaður í aðgerðarsveit LSNE skjóti 400 skotum á æfingum á

vegum embættisins. Skotæfingar skulu skipulagðar af skotstjórum embættisins og æfingaplan skal liggja fyrir í upphafi árs.

4. gr.  
Þurræfingar

Þurræfingar á lögreglustöð með Glock skambyssu eru leyfilegar án skotstjóra, en aðeins ef lögreglumaður með gilt skotvopnaskírteini lögreglu hefur umsjón með þeirri æfingu.

Skotfæri mega aldrei fara í magasin eða byssu við þurræfingar. Þegar vopnið er tekið úr skotvopnaskáp við upphaf þurræfingar skal tryggja vopnið og láta félagastaðfesta að skotfæri eða magasin séu ekki í byssunni. Einnig skal passa upp á að borgarar verði ekki varir við vopnin, eins og t.d. úr anddyri eða gegnum glugga lögreglustöðvar.

Við lok þurræfingar skal ganga frá vopninu í skotvopnaskáp og hlöðnu magasini við hlið byssu. Alls ekki gevma magasin í byssunni.

5. gr.  
Skotvopnaskápur

Skotvopnaskápar í lögreglubifreiðum skulu vera viðurkenndir og settir í lögreglubifreiðar af embætti Ríkislögreglustjóra.

Morgunvakt á mánudögum skal athuga hvort öll skotvopn, skotfæri, hulstur og verjur séu á sínum stað og skrá á þar til gert eyðublað því til staðfestingar.

Aðeins skólagengnir lögreglumenn með gilt skotvopnaskírteini lögreglu mega hafa aðgang að skotvopnum og þar með aðgang að talnalás skotvopnageymslu.

Talnaröð á öllum vopnageymslum í lögreglubílum hjá LSNE skal breytt tvisvar á ári og skal það gert á öllum vopnageymslum samtímis 1. janúar og 1. september. Talnaröðin skal vera sú sama á öllum vopnageymslum. Skotstjórar sjá um að þetta sé gert og koma þeim upplýsingum ásamt nýrri talnaröð til annarra lögreglumanna.

6. gr.  
Þrif skotvopna

Eftir hverja notkun á skotvopni, skal það þrifið og frá því gengið í skotvopnaskáp eða skotvopnageymslu í lögreglubifreið.

7. gr.  
Lögreglubifreiðar á verkstæði / eða úr umferð

Ætíð skal fjarlægja vopn og skotfæri úr lögreglubifreiðum sem þurf að fara á verkstæði eða eru úr umferða af öðrum ástæðum.

Akureyri, 16. nóvember 2015



Halla Bergþóra Björnsdóttir,  
lögreglustjóri.